

Fundargerð 13. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, fimmtudaginn 7. apríl, kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Sigurður, Birna Ólafsdóttir og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Kæra vegna hönnunarútboðs

Björn Líndal, lögmaður mætti á fundinn en hann fer með málið fyrir hönd Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Val tilboðsins var kært til Kærunefndar útboðsmála (KNÚ) og er það næst-lægstbjóðandi sem kærir (sjá meðfylgjandi fylgiskjal). Fyrir liggur ákvörðun KNÚ að hafna Hafnarfjarðarkaupstað um að aflétta stöðvun samningsgerðar en bærinn skilaði inn greinargerð og krafðist afléttingar. KNÚ gefur nú kost á athugasemdum frá Hafnarfjarðarbæ og jafnframt frá lægstbjóðanda.

Verkefnastjórnin er sammála um að senda ekki inn athugasemdir fyrir hönd sveitarfélagsins. Lægstbjóðandi hefur svigrúm fram í næstu viku til að senda inn athugasemdir og mun verkefnastjórnin ekki aðhafast fyrr en það liggur fyrir.

2. Ráðning verkefnastjóra

Lagt fram minnisblað dagsett 6. apríl 2016 frá Sigurði Haraldssyni, sviðsstjóra umhverfis- og skipuagsþjónustu, vegna verkefnastjóra með byggingu hjúkrunarheimilis við Sólvang. Sjá meðfylgjandi fylgiskjal. Sviðsstjórinn leggur til að Stefán Veturliðason verði ráðinn sem verkefnastjóri. Ekki er gerð athugasemd við niðurstöðu sviðsstjórans.

Fundi slitið kl. 17:15.